

## Fundargerð *Stjórnarfundur nr.53*

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, fimmtudaginn 4. júlí 2013, kl. 17.00.


Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Ólöf Jósefsdóttir og Fannar J. Viggósson, starfsmaður Norðurár bs. Eigendur Sölvabakka, Anna Margrét Jónsdóttir og Sævar Sigurðsson, sátu fundinn undir lið 4.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samningur við FJV
3. Staða og horfur í rekstri
4. Urðun sláturúrgangs
5. Eldvarnaáætlun
6. Svæðisáætlun um urðun úrgangs
7. Ársreikningur 2012
8. Aðalfundur
9. Önnur mál

Formaður, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Samningur við Fannar J. Viggósson um vélaleigu samþykktur.
3. Formaður fór yfir rekstur félagsins fyrstu fimm mánuði ársins. Fram kom að árangur í rekstri er vel yfir áætlun. Undir þessum lið fór Fannar Viggósson yfir rekstur félagsins á síðasta ári og vélanotkun. Rætt um mögulega aðstöðu fyrir þvott á bílum, sem losa lífrænan úrgang.  
Sorpsamlag Þingeyinga hefur óskað eftir því við Norðurá b.s. að fá að urða sorp af starfsvæði sínu fram á haustið með möguleikua á áframhaldandi samstarfi. Stjórnin samþykkir erindið.
4. Urðun sláturúrgangs.  
Fjallað um minnisblað um urðun sláturúrgangs og verklagsreglur í sambandi við þá urðun frá starfshópi, sem stjórnin samþykkti að fá til starfa á síðasta fundi í mars síðastliðnum. Landeigendur Sölvabakka sátu fundinn undir þessum lið.  
Samþykkt að leita leiða til að lágmarka lyktarmengun frá urðun lífræns úrgangs og fá starfshópin til að vinna frekar að málinu.



5. Eldvarnaáætlun.  
Formaður félagsins fór yfir það sem þarf til að upfylla eðlilegar kröfur um eldvarnir.  
Samþykkt að festa kaup á froðubyssu og útvega vatnstanka fyrir lágmarks vatnsforða.
  
6. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs  
Ólöf Jósefsdóttir, fulltrúi í starfshópi um svæðisáætlunina, upplýsti fundarmenn um stöðu mála. Ólöf telur nauðsynlegt að fá fulltrúa af starfssvæði Norðurár b.s. til liðs við hópinn. Lögð fram gögn um grænt bókhald.  
Stjórnin samþykkir að leita eftir því við Ágúst Þór Bragason að taka sæti í starfshóp um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
  
7. Ársreikningur 2012  
Helstu tölur eru: Rekstrartekjur kr. 104.325.428, rekstrargjöld kr. 48.419.508 og fjármagnsgjöld kr. 29.119.317. Hagnaður ársins kr. 26.786.603. Handbært fé frá rekstri kr. 53.021.277 og handbært fé í lok ársins kr. 43.063.063.
  
8. Aðalfundur.  
Samþykkt að halda aðalfund félgsins 23. ágúst næstkomandi.
  
9. Önnur mál  
Önnur mál engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20.40  
Fundargerð ritaði Gísli Árnason